



Boðun á 55. þing Norðurlandaráðs ungmenna 2026

Verið velkomin á 55. þing Norðurlandaráðs ungmenna!

Norðurlandaráð ungmenn (UNR) heldur árlegt þing sitt **föstudaginn 23.10.2026 kl. 16.00 til sunnudagsins 25.10.2026 kl. 16.00** í Helsinki, Finnlandi.

Öll aðildarsamtök geta sent einn fulltrúa með atkvæðisrétt á þingið. Aðildarsamtök og áheyrnarsamtök geta einnig sent áheyrnarfulltrúa á þingið.

Þátttökugjald á þingið er 250 evrur ef skráning fer fram eigi síðar en 31. ágúst 2026. Þau sem skrá sig á tímabilinu 1.-20. september greiða 300 evrur fyrir þátttöku.

Þingið, aðrir dagskrárliðir og allar máltíðir eru innifaldar í þátttökugjaldi fulltrúa með atkvæðisrétt og eins áheyrnarfulltrúa frá hverjum samtökum. Vilji samtök senda fleiri þátttakendur á þingið greiða þau einnig fyrir gistingu þeirra. Samkvæmt ferðaskilmálum UNR endurgreiðir UNR eingöngu ferðakostnað eins þátttakanda frá hverjum aðildarsamtökum. Ekki er endurgreitt fyrir ferðir annarra fulltrúa aðildar- og áheyrnarsamtaka.

Skráning fer fram á rafrænu eyðublaði sem er að finna á vefsíðu UNR, unginorden.org. Síðasti skráningardagur er 20. september 2026. Skráning er bindandi.

Ef eitthvað er óljóst í boðsbréfinu, upplýsingum um þingið eða á skráningareyðublaðinu, hafið þá endilega samband við skrifstofuna í tæka tíð áður en skráningarfrestur rennur út til þess að við getum veitt ykkur aðstoð. Verið velkomin á þingið!

Hittumst heil í Helsinki,

Arvid Karell
forseti

Nánari upplýsingar:

unr@unginorden.org

Lina Frostdahl, pólitískur ráðgjafi, +358 40 774 8107

Sofia Lindholm, verkefnastjóri UNR, +358 44 733 5777